

irokað, og hjálpa öllu, sem á einhvern hátt líður illa. Það er mannúðarstefnan, sem hefir útbreiðst svo mjög á síðari árum í hinum mentaða heimi, en á fáa virkilega talsmenn á meðal Íslendinga. Þessi stefna hefir gert Sigurð að jafnaðarmanni í stjórnámálum— og vafalaust er það af sama toga spunnið, að hann hefir gerst tylgjandi únitariskra trúarskoðana, því hann er einn af þeim fáu, sem finnur að trúarskoðanir ættu að standa í samræmi við þekkingu manns og mannlíffsskoðanir.

Eins og allir vita, er Sigurður skáld gott, og þótt listin nái kannske hærra stigi hjá sumum hinum íslenzku skáldunum, þá festa samt ljóð hans dýpri rætur í hjörtum margra, heldur en ljóð hinna skáldanna, vegna þess að yrkisefni hans eru flest tekin úr mannlífinu; og í gegnum þau öll andar hlýr blær, sem á skylt við hinum betri og göfugri tilfinningar mannanna. Auk þess að vera skáld er Sigurður ágætis ræðumaður, og má segja, að honum veiti jafnlétt að láta hugsanir sínar í ljósi, hvort heldur er í ræðu eða riti, í bundnu eða óbundnu máli.

Margir munu óska, að Sigurður megi í framtíðinni staðfa á meðal Íslendinga, eins og honum mundi lika bezt falla sjálfum. En þó það verði ekki, þá munu samt allir vinir hans—og þá á hann marga— gleðjast einlæglega yfir öllum góðum fréttum, sem þeir fá frá honum, þar sem hann nú er. G. Á.



Frjálslyndi í trúarbrögðum á Þýzkalandi.

EFTIR SÉRA J. T. SUNDERLAND.

Ein af hinum sorglegustu afleiðingum Siðabótarinnar voru trúarbragðastríðin, sem fylgdu henni. Verst þeirra allra, og í sannleika eitt hið hræðilegasta stríð, sem mannkynssagan getur um, var hið svokallaða „þrjátíu ára stríð“ (1618—48), sem var háð á móti Þýzkalandi af kaþólska valdinu í Evrópu, að undirlagi páfans, í þeim tilgangi að eyðileggja trúarbrögð mótmæl-